

Skipulagsstofnun
b/t Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 3. mars 2020
UST202002-015/R.K.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Frummatsskýrsla - fiskeldi Landeldis ehf. að Laxabraut vestan Þorlákshafnar

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar móttækið dags. 3. febrúar 2020 þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Framkvæmdarlýsing

Ráðgert er, á vegum félagsins Landeldi ehf. (hér eftir nefnt rekstraraðili), að reisa strandeldisstöð fyrir 5.000 tonna eldi á laxfiskum, þ.e. laxi (*Salmo salar*), bleikju (*Salvelinus alpinus*) og urriða/sjóbirtingi (*Salmo trutta*), vestan Þorlákshafnar á lóðum Laxabrautar 21, 23 og 25 merkt í breyttu aðalskipulagi sem iðnaðarsvæði I-23. Um er að ræða bæði ferksvatnseldi seiða og saltvatns- áframeldi laxfiska.

Umhverfisstofnun skilaði umsögn um tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar þann 16. október 2018 en breyting hefur orðið á staðsetningu stöðvarinnar síðan. Ákveðið var að færa stöðina um 1800 m vestar en kynnt var í tillögu að matsáætlun þar sem sú staðsetning þykir m.a. tryggja betri ferksvatnsöflun og standa utan áhrifasvæðis vatnstöku annarra fiskeldisstöðva á svæðinu.

Framkvæmdin felur í sér mannvirki á borð við byggingar, eldisker, vatnsmiðlunartanka, fódursíló, súrefnistanka, vatns- og frárennislagnir, vegslóða, plön og bílastæði .

Starfsleyfi og skipulag

Á fyrri stigum var lagt up með 2.500 tonna hámarks lífmassa í stöðinni á hverjum tíma en í frummatsskýrslu kemur fram að lagt sé upp með 2.950 tonnum nú (bls. 53). Þessu tengt minnir Umhverfisstofnun á að starfsleyfi eru gefin út á lífmassa á hverju tíma (hámarkslífmassi sem umfang starfseminnar). Því þarf að koma fram í umsókn rekstraraðila hvað sé sótt um að fá að ala mikinn lífmassa í stöðinni á hverjum tíma en ekki aðeins hversu mörg tonn af laxfiskum sé stefnt á að framleiða árlega. Þá minnir stofnunin á að þegar sótt er um starfsleyfi fyrir eldinu mun það leyfi einnig taka til mengunarvarna frá sláturhúsi auk þeirra frá áframeldis- og ferksvatnseldisstöð.

Umhverfisstofnun minnir á að útgáfa starfsleyfa tekur allt að 240 daga frá móttöku fullnægjandi umsóknar. Hægt er að sækja um að vinna umhverfismat samhliða starfsleyfisgerð en starfsleyfistillaga verður ekki auglýst fyrr en álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir þar sem mengunarvarnaákvæði starfsleyfis byggja á mati á umhverfisáhrifum.

Starfsemin er í samræmi við breytt aðalskipulag Ölfuss 2010-2022 (breyting frá 2016) en svæðið hefur ekki verið deiliskipulagt. Þá telur stofnunin óljóst hvaðan mynd 3 er fengin og ætti að skýra að betur í matsskýrslu auk þess að fjalla um hvar í deiliskipulagsferli svæðið er en í frummatsskýrslu er vísað í þær áætlanir (bls. 5).

Umhverfisstofnun bendir á að starfsleyfi stofnunarinnar er einungis gefið út til þess tíma sem Aðalskipulagið er skilgreint til, hér til 2022, ef ekki liggur fyrir samþykkt deiliskipulag fyrir svæðið.

Fram kemur í frummatsskýrslu að ráðgert er að beina allri þungaumferð inn á iðnaðarsvæðið að austanverðu um Nesbraut en ekki í gegnum þorpið að norðanverðu en til þess þarf nýja vegtengingu af Suðurstrandarvegi inn á svæðið (bls. 41-42). Umhverfisstofnun telur að fjalla ætti betur um stöðu þessara mála í matsskýrslu framkvæmdar.

Mat á umhverfisáhrifum

Við mat á umhverfisáhrifum skal taka mið af umfangi og eðli framkvæmdar auk staðsetningar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar á tiltekna umhverfisþætti. Umhverfisstofnun tekur afstöðu til áhrifa á eftirfarandi umhverfisþætti: lífríki í fjöru vegna losun næringarefna, meðhöndlun úrgangs og fráveita, grunnvatn, landslag og ásýnd og samlegðaráhrif við aðra starfsemi. Áhrif framkvæmdar á ljós- og hljóðmengun metur stofnunin óveruleg.

Umhverfisstofnun telur frummatsskýrsluna heilt yfir vera vel fram setta en gerir eftirfarandi athugasemdir og tillögur um hvað mætti betur fara í matsskýrslu framkvæmdar.

Vatnstaka

Heildarvatnsnotkun við 5.000 tonna framleiðslu er áætluð 5.500 sekúndulítrar miðað við full afköst en það skiptist í 500 sekúndulítrar ferskt og 5.000 sekúndulítrar saltvatn (bls. 35). Samkvæmt frummatsskýrslu verður vatnstaka með þrennskonar hætti, þ.e. jarðborun til öflunar fullsalts grunnsjávar, jarðborun til öflunar ísalts grunnvatns og jarðborun til ferskvatnstöku. Brunnsvæði fyrir vatnstöku fersk- og saltvatns eru utan við grann- og fjarsvæði vatnsverndar Sveitarfélagsins Ölfuss þar sem brunnsvæði í nágrenni Þorlákshafnar er í jaðri grannsvæðis vatnsverndar.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að vatnsvinnsla sé vöktuð á þann hátt að ekki sé gengið um of á línsu ferskvatns á svæðinu, þ.e. sjálfbær ferskvatnsnýting. Stofnunin tekur fram að málefni vatnstöku heyrir undir málefni Orkustofnunar og er grunnvatnstaka yfir 70 l/sek háð leyfi stofnunarinnar skv. lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Frárennslis frá eldi

Megin hluti þeirra næringarefna sem fer út með frárennslis eru í formi fôðurleifa og saurs frá fiskinum. Samkvæmt frummatsskýrslu er áætlaður fôðurstuðull stöðvarinnar 1,25 innan seiðaeldis og 1,1 innan áframeldisins (bls. 42). Heildar fôðurnotkun því áætluð 5,570 tonn á ári.

Megnið af föstu efnunum eldisvatns, um 90%, falla til botns í kerjum og mun vera safnað í lift-up dælum og fært í RFS settank skv. frummatsskýrslu (bls. 65). Gert ráð fyrir enn frekara botnfalli fastra efna í settanki. Eldisvatnið verður þar að auki endurnýtt 60-75% með Semi RAS kerfi þar sem því er fleytt á milli kerja og loftað og hreinsað á milli með tromlusíum (Pentair PR Aqua tromlusíu). Telja framkvæmdaraðilar að fanga megi um 35 til 50% þeirra föstu efna (e. suspended solids SS) sem eftir eru eða milli 50 og 70 tonn árlega (bls. 64). Umhverfisstofnun túlkar frummatsskýrslu svo að tromlusíur munu sía restina af fastefnum í eldisvatni sem ekki botnfellur eða um 10% alls fasta efnisins og að heildar hreinsun fastra efna í eldi verði því meiri en 90%.

Umhverfisstofnun telur að útskýra þurfi betur í matsskýrslu þar sem fjallað er um settank og heildarútskiljun seyru, þ.e. hvað sé átt við með 40% af seyru sé hátt í 570 tonn á ári en við hreinsun eldisvatns sé fjarlægt meira en 90% fastefnis úr eldisvatni.

Stofnunin bendir á mögulega villu á bls. 64. þar sem talað er um möskvastærð tromlusía >100 µm en talið er að hér sé átt við <100 µm.

Umhverfisstofnun tekur fram að eldisstarfsemi að þeirri stærðargráðu sem fjallað er um hér krefst mikils vatns og er flæði frárennslis því umtalsvert. Endurnýting eldisvatnsins er því mjög jákvæð að mati stofnunarinnar til að minnka vatnsvinnslu. Fram kemur í töflu 7 (bls. 47) að heildarvatnsvinnsla eldisins verði 5,5 m³/s við endurnýtingarhlutfall 60%, en lækkar niður í 4,75 m³/s með auknu endurnýtingarhlutfalli. Þess má geta að meðalrennslis Elliðaár samkvæmt Veðurstofu Íslands er um 2,2 m³/s (<http://vmkerfi.vedur.is>; Reykjavík: Elliðaár, Heyvað; V301 - Óyfirfarin gögn) og er því um talsverða vatnsvinnslu að ræða.

Tilhögun útrásar frárennslis í viðtaka

Fram kemur í greinargerð kafla 6.10 að vegna öfgafullra aðstæðna sé áætlað að frárennslis frá eldinu verði losað í fjöruborðið (bls. 40). Umhverfisstofnun bendir á að aðeins vegna landfræðilegs ómöguleika er hægt að haga útrás frárennslis á annan hátt en skv. 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Í þeim tilfellum er heimilt að beita öðrum lausnum sem heilbrigðisnefnd metur fullnægjandi að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar sbr. 7. mgr. 9. gr. reglugerðar. Stofnunin tekur fram að hér er ekki um að ræða umsögn stofnunarinnar um undanþágu til annarra leiða við útsetningu útrásar, enda liggi ekki fyrir nægilegar upplýsingar í frummatsskýrslu um það hvernig útrásinni skuli hagað. Skal sú umsögn vera veitt þegar fullnægjandi upplýsingar berast með umsagnarbeiðni frá heilbrigðisnefnd.

Umhverfisstofnun tekur fram mikilvægi ítarlegrar valkostagreiningar í mati á umhverfisáhrifum svo skapist svigrúm þegar kemur að útfærslu framkvæmdar við starfsleyfisveitingu. Svo skal taka fram hver valkostanna sé aðalkostur framkvæmdar og hvers vegna. Stofnunin telur að í matsskýrslu ætti að koma fram valkostagreining hvað varðar tilhögun útrásar frárennslis með rökstuðningi hvers vegna rekstraraðli hyggist sækjast eftir undanþágu 7. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar. Síndir eru mögulegir staðir útrástar á mynd 24 og telur Umhverfisstofnun að meta ætti valkosti þessa staðsetninga og hvernig lagt er til að útrásin sé lögð í viðtakann.

Í frummatsskýrslu bls. 40 segir: „Engin strandeldisstöð á Íslandi stenst áðurnefnd skilyrði og er undanþága frá **slíku almenna reglan**.[...]Þá má þess geta að starfsleyfi strandeldisstöðva gefin út af Umhverfisstofnun eru öll eins, þ.e. að frárennslis skal leitt í röri til sjávar. [...]Öll önnur veita frárennslum sínum ómeðhöndluðum í viðtaka enda hafa ekki

komið upp vandamál í og við fjörur landsins tengd mengun og uppsöfnun næringarefna vegna frárennslis þeirra.“ Umhverfisstofnun bendir á að þetta er rangt þar sem stofnunin hefur gefið út starfsleyfi fyrir eldisstöðvar sem losa frárennslis í sjó með ákvæði um hreinsun eldisvatnsins sé þess þörf. Er það metið í hverju tilfalli fyrir sig m.t.t. magn losunar og ástand viðtakans. Stofnunin bendir á starfsleyfi eldisstöðvar Arctic Smolt hf. í Tálknafirði sem gefið var út 10. janúar 2019 í þessu samhengi. Þá eru eldisstöðvar sem er gert að uppfylla skilyrði gr. 9.2 um að leggja útrás minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Aðrar lausnir eru því alls ekki almenna reglan heldur er það **undanþága** frá almennu reglunni sem ber aðeins að veita ef til staðar er landfræðilegur ómöguleiki. Hins vegar hefur heilbrigðisnefnd að jafnaði metið aðstæður á Reykjanesi þannig að þær uppfylli skilyrði til veitingu undanþágu. Umhverfisstofnun telur að leiðrétta þurfi ofangreindar staðhæfingar matsskýrslu framkvæmdar.

Stofnunin bendir á að ef undanþága frá gr. 9.2 fráveitureglugerðar verður heimiluð af heilbrigðisnefnd þá muni stofnunin samt krefja rekstraraðila um að mannvirki við útrás frárennslis sé tryggilega frágengið þannig að það sé viðunandi rennslis í því og það renni greiðlega til sjávar. Viðunandi rennslis einkennist af því að ekki myndist pollar eða að sjá megi uppsöfnun næringarefna nærri útrásinni.

Fram kemur í greinargerð að verið sé að skoða möguleika þess að nýta frárennslis frá stöðinni til að keyra rafmagnstúrbínur (bls. 41). Gert ráð fyrir minni virkjun þar sem fallhæð er fremur lítil eða um <2,0 metrar. Framkvæmdin er á byrjunarstigi og ekki hægt að slá föstu um niðurstöður skv skýrslunni. Umhverfisstofnun telur slík áform áhugaverð, enda er rennslis frá stöðinni nægt til að virkja, en stofnunin bendir á möguleika leyfisskyldu virkjunar til Orkustofnunar skv. 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Þá telur stofnunin að í matsskýrslu ætti að fjalla frekar um hugsanleg áform er snúa að því að setja upp innviði til að nýta vatnsaflsfrárennslis.

Lífriki í fjöru- losun næringarefna í viðtaka

Áætlaður viðtaki frárennslis verður fjöruborð sunnan framkvæmdarsvæðis þar sem ráðgert er að leggja útrás fráveitulagna frá stöðinni. Gerð var greining á fjöruvistgerðum árið 2016 skv. skýrslunni þar sem fram kom að um er að ræða tvær gerðir fjara; hrúðukarlafjöru og brimasama hnúlungafjöru sem báðar eru skilgreindar með lágt verndargildi skv. Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ). Lítið er um fugla, dýralíf og þörungum í þessum fjörugerðum sökum erfiðra skilyrða og mikils brims skv. greiningunni. Vegna þeirra aðstæðna má búast við því að blöndun frárennslis við útrás sé mikil. Er það mat Umhverfisstofnunar að með hreinsun verði áhrif frárennslis óveruleg á lífríki fjörunnar.

Úrgangur annar en fráveita frá eldinu

Fram kemur í frummatsskýrslu að frárennslis frá starfsmannaaðstöðu verði leitt í þrískiptar rotþrær og siturbeð og uppfylli skilyrði um tveggja þrepa hreinsun skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Þá verður grávatn leitt til sjávar þar sem „*umhverfisvænar sápur og hreinsiefni verði eingögu nýtt innan aðstöðu starfsmanna*“ stöðvarinnar (bls. 61). Umhverfisstofnun telur að fjalla þurfi nánar um þessar sápur í matsskýrslu framkvæmdar og um magnið sem áætlað sé að nýta. Þá bendir stofnunin einnig á að frekari upplýsingum um framangreint skal skila inn með umsókn um starfsleyfi til stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun telur áform rekstraraðila um endurnýtingu seyru (fastefnis)/dauðfisks og blóðvatns vera jákvæða. Valkostagreining um möguleika nýtingar seyru og umhverfisáhrifa hvers kosts í kafla 9.2 er góð að mati Umhverfisstofnunar. Þá er umfjöllun,

endurnýtingaráform seyru (valkostagreining nýtingar) góð þar sem fjallað er um mismunandi kosti; moltugerð, áburðargerð, þörungarvinnslu eða lífgasvinnslu. Þá er einnig fjallað um ólíklegri meðhöndlun seyru með því að losa hana í sjó eða urða. Stofnunin tekur undir með því sem fram kemur í skýrslu á bls. 70 að slæmt sé að flytja seyruna til urðunar og styður stofnuin áform rekstaraaðila um endurnýtingu í stað förgunar á seyru.

Umhverfisstofnun tekur fram að það efni sem síast úr frárennsli fiskeldis er að mestu næringarefni köfnunarefnis og fosfórs í formi saurs fiska og fódurleifa. Stofnunin vinnur að gerð leiðbeininga til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna (seyru) úr frárennsli m.a. til áburðar fremur en til förgunar þar sem mikill umhverfisávinningur felst í því að minnka magn lífræns efnis í urðun og er slík stefna í samræmi við Landsáætlun um meðhöndlun úrgangas 2013-2024: Úrgangsstjórnun til framtíðar (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2013).

Ásýnd, landslag og jarðmyndanir

Fram kemur í greinargerð að heildarstærð framkvæmdarlóðarinnar er 18,3 ha (bls. 6) og er áætluð hæsta hæð byggina 8,5 m en tankar, líkt og fódursíló, verða lægri en hæstu byggingar innan lóðar (bls. 34). Umhverfisstofnun bendir á að eldri staðsetning framkvæmdar var á raskaðra svæði, nær núverandi iðnaði, en nýja staðsetningin sem er 1,8 km vestan Þorlákshafnar og er óraskaðra svæði. Áhrif framkvæmda á jarðmyndanir á áhrifasvæði eru talsvert neikvæð fyrir nútímahraun en þau áhrif verða innan iðnaðarsvæðis.

Vegna tilfærslu framkvæmdar vestar frá Þorlákshöfn munu íbúar finna fyrir minna raski á ásýnd svæðis og útsýnis á hafið en ella að mati Umhverfisstofnunar sem er jákvætt. Fram kemur í skýrslu að allar byggingar starfseminnar verða hannaðar til að falla vel að landslagi svæðisins og eru mannvirki að miklu leyti niðurgrafin sem er einnig jákvæðar mótvægisáðgerðir að mati stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið hefur ekki verið deiliskipulagt og stofnunin telur hraunið á svæðinu, sem kallast Brennisteinsfjöll, falla undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Samkvæmt greininni ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun telur að í matsskýrslu framkvæmdar þurfi að koma fram afstaða rekstraraðila um þá röskun sem starfsemin mun valda á hrauni sem fellur undir sérstaka vernd.

Umhverfisstofnun telur of lítið fjallað um útfærslu útrásar og telur að ekki megi koma til þess að útrásarlögn sé lögð á þann hátt að $5,5 \text{ m}^3/\text{s}$ frárennsli falli niður >1 meters hæð og lendir svo í fjöruborðinu. Slík útfærsla myndi mynda einskonar foss í hnúllungafjöruna. Stofnunin telur að áhrif á ásýnd svæðis fari eftir tilhögun útrásar og að mikilvægt sé að útrásin valdi ekki neikvæðum umhverfisáhrifum m.t.t. ásýndar og að nánar ætti að fjallað um þetta í matsskýrslu framkvæmdar.

Samlegðaráhrif

Umhverfisstofnun telur uppsetningu á kafla 12.9 um samlegðaráhrif vera til fyrirmyndar þar sem reynt er að varpa ljósi á losun næringarefna frá öllum eldisstöðvum og svo áætlaða heildarlosun þar sem áform um stækkanir eru tekin inn í matið.

Auk áforma Landeldis ehf. um 5.000 tonna eldi eru á svæðinu þrjú önnur fiskeldisfyrirtæki á svæðinu. Þau eru; Íspór hf., Náttúra fiskirækt ehf. og Laxar fiskeldi ehf. Stofnunin leiðréttir villur sem koma fram í kaflanum um umfang og áætlaðra stækkana áðurnefndra félaga og niðurstöðu þess að heildar framleiðsla þessara þriggja félaga verði 4.900 tonn/ári ef áform ganga eftir sem gera 9.900 tonn/ári eldi með viðbót Landeldis ehf. fyrir 5.000 tonn/ári. Þegar allt eldi og öll áform um stækkun eru lögð saman er áformað að á svæðinu verði alls 10.500 tonna eldi á laxfiskum á landi í/við Þorlákshöfn sem losa frárennsli til sjávar. Þ.e. Eldisstöðin Íspór hf. verði með 1.800 tonn/ári, Náttúra fiskirækt ehf. með 1.200 tonn/ári, Laxar fiskeldi ehf. verði með 2.500 tonn/ári og Landeldi ehf. verði með 5.000 tonn/ári. Umhverfisstofnun telur að endurskoða þurfi tölur sem settar eru fram í töflum í kaflanum svo þær endurspegli rétt magn áætlaðrar losunar næringarefna.

Umhverfisstofnun hefur nýlega áður fjallað um áform fiskeldisfyrirtækja á svæðinu í umsögnum (dags. 16. október 2018 og 25. júlí 2019) sem eru aðgengilegar á vefsíðu stofnunarinnar.

Vernd

Austan við framkvæmdarsvæðið er Hafnarnes sem er á náttúruminjaskrá (Suðurlands nr. 757) og minnst er á í frummatsskýrslu. Fram kemur að Hafnarnes er svæðið sunnan byggðar í Þorlákshöfn vestur að Flesjum og er það útivistarsvæði í grennd við þéttbýli. Umhverfisstofnun telur framkvæmdina ekki líklega til að hafa áhrif á Hafnarnes þar sem það er vel utan marka svæðisins eftir tilfærslu á nýja svæðið fjær Þorlákshöfn.

Annað

Fjallað er um sláturhús starfseminnar í kafla 6.3 frummatsskýrslu. Umhverfisstofnun tekur fram að starfsemi sláturhúss eldisstöðvar verður tekin inn í starfsleyfi stöðvarinnar m.t.t. mengunar frá slátruninni.

Umhverfisstofnun tekur fram að slysasleppingar, smit og sjúkdómavarnir heyra undir málefni Matvælastofnunar skv. lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Fram kemur í skýrslu að: „*Ef upp kemur grunur um sjúkdóma verður undantekningalaust haft samband við dýralækni fisksjúkdóma auk Matvælastofnunar.*“ (bls. 115). Umhverfisstofnun bendir á að við slíkar aðstæður skuli einnig gera stofnuninni viðvart m.t.t. mengunar og úrgangslausnar þess dauðfisks.

Niðurstaða

Megin umhverfisþættir sem kunna að verða fyrir áhrifum af fyrirhugaðri framkvæmd, að mati Umhverfisstofnunar, eru jarðmyndanir á áhrifasvæði, ásýnd fjöru vegna fráveitu, landslag og ásýnd svæðis og grunnvatn. Umhverfisstofnun hefur metið áform framkvæmdaraðila og telur áhrif framkvæmdar á ofangreinda umhverfisþætti, eins og þeim er lýst í frummatsskýrslu, vera eftirfarandi í samræmi við vægiseinkunn áhrifa;

Frárennsli og lífríki fjöru, losun næringarefna um útrás: Með hreinsun eldisvatns og áætlaðri mikilli blöndun frárennslis í viðtakanum eru áhrif losun næringarefna á fugla, þörungum, hryggleysingja eða lífríki grunnsævis metin óveruleg.

Annar úrgangur en í fráveitu: Áhrif af endurnýtingu fastefnis úr eldisvatni í stað förgun þess eru verulega jákvæð.

Grunnvatn: Ef vatnstaka ferksvatns úr brunnnum Selvogsstraumsins verður sjálfbær og mun ekki raska ferksvatnslinsu svæðisins né hafa áhrif á grannsvæði vatnsverndar eru áhrif óveruleg.

Landslag, ásýnd og jarðmyndanir: Áhrif framkvæmdar með á nýrri staðsetningu eru metin jákvæð m.t.t. áhrifa á ásýnd svæðis frá Þorlákshöfn. Stofnunin telur áhrif framkvæmda verða talsvert neikvæð fyrir nútímahraun innan iðnaðarsvæðis sem verður fyrir óafturkræfu raski. Stofnunin telur óljóst hver áhrif frárennslis verða m.t.t. staðsetningu útrásar í viðtaka sem mun losa talsvert magn af eldisvatni. Ef ekki verður gengið frá útrás á ábyrgan hátt telur Umhverfisstofnun að áhrif hennar á ásýnd kunni að verða talsvert neikvæð.

Umhverfisstofnun dregur saman eftirfarandi þætti sem fjalla ætti betur um í matsskýrslu framkvæmdar:


- umfjöllun um nýja vegtengingu inn á iðnaðarlóð,
- áform um deiliskipulag fyrir svæðið og útskýring á mynd 3,
- valkosti fyrir legu útrásar frárennslis í viðtaka,
- leiðrétting á rangfærslum um almenna reglu útrásar og skilyrði um hreinsun frárennslis landeldisstöðva,
- útrás frárennslis frá eldisstöðinni m.t.t. áhrifa á ásýnd fjörunnar,
- umfjöllun um áform um að nýta frárennslis frá stöðinni til að framleiða rafmagn,
- samlegðaráhrif við aðrar eldisstöðvar með réttum tölum um áætlað umfang,
- frekari útskýring á heildarútskiljun og á magni seyru í eldisstöðinni árlega í samræmi við heildarmagn fastefnis sem hreinsað er úr eldisvatni árlega,
- afstaða til 61. gr. náttúruverndarlaga m.t.t. hraunsins sem verður fyrir raski,
- umfjöllun um magn og gerð umhverfissvænna sápa sem er áætlað að losa með fráveitu til sjávar og möguleg áhrif þeirrar losunar.

Beðist er velvirðingar á því hve tafist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur



Steinar R. Beck Baldursson
sérfræðingur